

Múlaþing
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 21. apríl 2023
Málsnúmer: 202304-0031
SS/BK

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar við Davíðsstaði.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 17. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar Yggdrasil Carbon (YGG) í landi Davíðsstaða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með umsókn YGG um framkvæmdaleyfi. Um er að ræða tvö svæði sem saman mynda 130 hektara heild og því um stórt svæði að ræða sem mun taka miklum breytingum og mikilvægt að meta áhrif þess á náttúru sem fyrir er.

Í dag er svæðið að stærstum hluta vel gróið og eru ríkjandi vistgerðir votlendisvistgerðir, einkum starungsmýravist og fjalldrapamóavist. Þess ber að merkja að við kortlagningu vistgerða með fjarkönnun er algengt að runnamýravistir séu misgreindar sem fjalldrapamóavist. Um það er fjallað á bls. 22 í fjölríti Náttúrufræðistofnunar „Vistgerðir á Íslandi“ (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Þess vegna er ekki ósennilegt að umfang votlendis á svæðinu sé vanmetið og telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að áður en áform um skógrækt séu fest í sessi að það sé gerð betri úttekt á gróðurfari svæðisins. Þannig er hægt að tryggja að ekki sé verið að raska votlendisvistgerðum með hátt verndargildi en alls ekki ætti ekki að beina skógrækt í þær.

Framkvæmdasvæðið er að stórum hluta frekar flatlent (að undanskildum lágum grýttum ásum innan um votlendi og mólendi) og að mestu ósnortið og því líklegt til að vera mikilvægt búsvæði fyrir vaðfugla og aðra mófugla. Mjög mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að fuglalíf sé kortlagt þannig að hægt sé að meta hver áhrif af skógrækt verða á fuglalíf svæðisins. Rannsóknir hafa sýnt á afgerandi hátt að skógrækt rýrir búsvæði margra mófuglategunda og sumar þeirra forðast m.a. jaðarsvæði. Þar á meðal eru ábyrgðartegundir eins og spói, heiðlóa, jaðrakan og lóupræll. Þær tvær síðarnefndu verpa einkum í votlendi og því líklegt að þær séu algengar á svæðinu sem hér um ræðir. Góð samantekt um áhrif skógræktar og annarrar landnotkunar á mófuglategundir er að finna á vefsvæðinu <https://moi.hi.is> sem Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi stendur að. Mikilvægt er við skipulag skógræktar og val á skógræktarsvæðum að tekið sé tillit til áhrifa á mófuglategundir, og þá sérstaklega þær tegundir sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á.

Þá ber að geta þess að svæðið sem um ræðir er innan marka tillögunnar „Úthérað“ sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/utherad>), einkum vegna auðugs fuglalífs og votlendisvistgerða. Svæðið er því hluti af stórrí heild sem er metin með hátt verndargildi og að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að vanda mjög til verka við allar framkvæmdir og skipulagsáform á svæðinu þ.a. verndargildi svæðisins rýrni ekki. Frekar lítið hefur verið verndað af þessu mikilvæga og auðuga náttúrusvæði í dag og hvetur Náttúrufræðistofnun sveitarstjórn Múlaþings til dáða við að styrkja náttúruvernd á svæðinu t.d. með friðlýsingu votlendis og búsvæði fugla.



Stefnt er að því að nota framandi trjátegundir við skógræktina. Meðal annars stafafuru sem er skilgreind ágeng víða erlendis og vísbendingar eru um að geti verið ágeng hér á landi og þar með dreift sér út fyrir skipulögð skógræktarsvæði. Náttúrufræðistofnun setur varnagla við notkun tegunda af þessum toga í miklum mæli eins og á við um í þessu tilfelli. Erfitt er að vakta og bregðast við sjálfssáningu á svo stóru svæði en slíkt væri nauðsynlegt til að koma í veg fyrir aukna útbreiðslu. Vegna verndargildis vistgerða og búsvæða fugla á Úthéraði þarf sérstaklega að stíga varlega til jarðar við notkun framandi trjátegunda í skógrækt á svæðinu að mati Náttúrufræðistofnunar.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

